

Miðvikudaginn 4. apríl 1990.

Nr. 148/1990. **Ákærvaldið**

gegn

Rúnari Ben Maitland.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. l. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 31. mars sl., sem barst Hæstarétti 2. þ.m.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 30. mars 1990.

Ár 1990, föstudaginn 30. mars, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Bjarna Stefánssyni ftr. og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Lögreglan í Reykjavík hefur að undanfögnu unnið að rannsókn á stórfelldu fíkniefnamisferli bræðranna Rúnars Ben Maitlands, kt. 230772-3989, og Davíðs Ben Maitlands, kt. 230772-5179.

Í þágu þessa máls voru ofangreindir aðilar af embætti þessu úrskurðaðir í gæsluvarðhald frá kl. 16.00 þann 19. mars 1990 og allt til kl. 16.00 þann 30. mars 1990.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu í fyrrnefndu gæsluvarðhaldi hafa nefndir bræður viðurkennt dreifingu á mörgum kílóum hassefna til fjölmargra nafngreindra kaupenda. Lögregla hefur þegar yfirheyrt fjölmarga aðila í þessu sambandi og flestir þeirra kannast við kaup fíkniefna af nefndum bræðum, þótt víða beri enn í milli um magn.

Þá hafa nefndir bræður einnig hvor í sínu lagi nafngreint sex aðila, sem hafi og að mestu á síðasta ári afhent þeim bræðrum mörg kíló af hassefnum til endursölu og ráðstöfunar. Lögregla hefur undanfarna daga gert viðtæka leit að fjórum þessara aðila, án árangurs þó til þessa.

Annar þeirra, sem þá eru ótaldir, tjáði sig hjá lögreglu sl. nótt um talsverð viðskipti við margnefnda bræður, en þó hvergi nærri því magni, sem á hann hafði verið borið.

Síðasti aðilinn hefur í fyrstu lögreglufirheyrslu einnig kannast við nokkur fíkniefnaviðskipti tengd ofangreindum bræðrum.

Af hálfu lögreglufirvalda er hins vegar haldið fram og talið ljóst, að yfirheyra þurfi mun betur alla hina ætluðu solumenn fíkniefna til bræðranna, áður en rannsókn verði talin komin af frumstigi. Einnig á lögregla eftir að yfirheyra fjölda aðila, er munu hafa keypt fíkniefni af nefndum bræðrum.

Vegna ofanritaðs var hér fyrir dómi í dag af hálfu lögreglu gerð krafa um, að framlengt verði gæsluvarðhald nefndra bræðra og allt að kl. 16.00 þriðjudaginn 10. apríl 1990.

Réttargæslumaður Rúnars hefur mótmælt fram kominni gæsluvarðhaldskröfu og til vara tímalengd.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð stórfelld brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986, nánar viðtæka og langvarandi dreifingu mikils magns fíkniefna til fjölmargra aðila.

Af þessum ástæðum hafa þegar mjög margir verið nefndir til sögu og margir yfirheyrdir, einkum þó úr hópi meintra kaupenda. Hins vegar virðist lögreglu hafa til þessa gengið mjög illa að finna og yfirheyra flesta hina meintu dreifiaðila til bræðranna.

Við þær aðstæður verður að telja rannsókn enn á frumstigi. Telja verður samprófanir samkvæmt ofansögðu ýmist ótímabærar eða óframkvæmanlegar.

Með vísan til þessa auk annars ofanritaðs verður að telja réttmæta og nægjanlega rökstudda kröfugerð lögreglufirvalda um framlengt gæsluvarðhald margnefndra bræðra. Tímalengd virðist og í hóf stillt miðað við aðstæður og umfang máls.

Þykir því í þágu rannsóknarhagsmuna og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, enda í samræmi við fyrirliggjandi gögn og kröfugerð, rétt að framlengja allt að kl. 16.00 þriðjudaginn 10. apríl nk. gæsluvarðhald Rúnars Ben Maitslands og Davíðs Ben Maitslands.

Úrskurðarorð:

Framlengt er og allt að kl. 16.00 þriðjudaginn 10. apríl 1990 gæsluvarðhald Rúnars Ben Maitlands, kt. 230772-3989, og Davíðs Ben Maitlands, kt. 230772-5179, beggja til heimilis að Austurbrún 16 hér í borg.
